

Nr. 094 / 12 Ingi Dóri RE 64**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6282
Smíðaður: Flateyri 1983 plast
Stærð: 4,6 brl. 4,1 bt.
Mesta lengd: 8,14 m Skráð lengd: 7,79 m
Breidd: 2,18 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Yanmar 140 kW 1997
Fjöldi skipverja: 2



Ingi Dóri ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. ágúst 2012 var Ingi Dóri RE 64 á siglingu á Faxaflóa. Veður: NA andvari.

Á siglingunni kom mikill hávaði og titringur frá vélarrúmi svo báturinn nötraði allur. Formaður kúplaði frá skrúfu og gekk þá vélin eðlilega. Þegar kúplað var inn aftur byrjuðu sömu lætin og gírinn festist í afturábak svo stöðva varð vélina.

Formaðurinn óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Þórður S. Kristjánsson dró Inga Dóra RE til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra gerði bilunin engin boð á undan sér og engin merki um að eitthvað hefði lent í skrúfunni. Hann sagðist aldrei hafa fengið í skrúfunu á þessum bát;
- að sögn skipstjóra var drifið tekið upp um vorið og skipt um legur og þéttingar;
- að eftir að drifið var opnað kom í ljós að þrjár samliggjandi tennur í pinnjónum voru brotnar (brotnar inn í kjarna undistöðu þeirra) á þann hátt að ætla mætti að eitthvað hafi þyngt snögglega á skrúfunni. Einnig voru önnur tannhjól brotin sem telja má víst að séu afleiðingar þess að fyrrgreindar tennur brotnuðu;
- að engin veruleg ákoma var sýnileg á skrúfublöðunum eins og eftir harðan hlut.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.